



HRUNAMANNAHREPPUR

2. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 8. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. JÚLÍ 2014

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 3. júlí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, framkvæmdaleyfi í Kerlingarfjöllum og þjónustusamning um Sérdeild Suðurlands, Setrið í Sunnulækjaskóla. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Kerlingarfjöll: Samningur vegna framkvæmda.
2. Samningur við ÁSÆL vegna Fosslækjar.
3. Fasteignamat 2015.
4. Vegagerðin: Minnisblað vegna yfirtöku héraðsvega á Flúðum.
5. Jarðvegssnið á Hrunamannafrétti.
6. Hrókurinn: Styrkbeiðni.
7. Bakkatríóið GG og Ingibjörg: Styrkbeiðni.
8. Næsti fundur sveitarstjórnar.
9. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

10. Umhverfisnefnd: Fundargerð 16. fundar frá 9. júní s.l.
11. Veitustjórn: Fundargerð 1. fundar frá 24. júní s.l.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.:

12. Fundargerð 73. fundar skipulagsnefndar frá 30. júní s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 27. maí til 29. júní s.l.
-Liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 157. fundar stjórnar frá 10. júní s.l.
- b. SASS: Fundargerð 480. fundar stjórnar frá 4. júní s.l.

Kynningarmál:

- c. Landgræðslan: Minnisblað vegna skoðunarferðar í landgræðslugirðingu vegna nýtingar á seyru til uppgræðslu.
- d. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið: Úthlutun vegna ferðamannastaða.
- e. Innanríkisráðuneytið: Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
- f. SASS: Húsnaðismál á Suðurlandi: Niðurstöður könnunar.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Punktur vegna nýrra samninga við grunnskólakennara.
- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Samkomulag um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu.
- i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Úthlutun úr Námsgagnasjóði.
- j. Brunabót: Úthlutun úr Stryktarstöði EBÍ 2014.
- k. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Fjármálastjórn sveitarfélaga.
- l. Innanríkisráðuneytið: Viðaukar við fjárhagsáætlun.
- m. Sveitarstjórnarkosning 2014: Samantekt kjörstjórnar um niðurstöður.

Fundir framundan:

- n. Landsfundur jafnréttisnefnda: Reykjavík 19. september nk.

Gengjö til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Kerlingarfjöll: Samningur vegna framkvæmda.**

Oddviti lagði fram drög að samningi Hrunamannahrepps við Kerlingarfjallavini og Fannborg ehf vegna uppbyggingar í Kerlingarfjöllum og ráðstöfun á sérstökum styrk sem Hrunamannahreppur fékk frá Framkvæmdasjóði Ferðamálastaða. Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti í samræmi við umræður um breytingar á fundinum og felur sveitarstjóra/oddvita að undirrita hann.
- 2. Samningur við ÁSÆL vegna Fosslækjar.**

Oddviti lagði fram samning milli Hrunamannahrepps og ÁSÆL (Áhugamannafélag um uppbyggingu sæluhúsa á Hrunamannafrétti) vegna aðkomu ÁSÆL að sæluhúsinu í Fosslæk. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Sigurður víkur sæti við afgreiðslu málsins.
- 3. Fasteignamat 2015.**

Oddviti kynnti breytingar sem hafa orðið á fasteignamati milli áranna 2014 og 2015. Fram kom að fasteignamat á húsnæði hefur hækkað um 1,7% og landverð um 1,2% milli ára.
- 4. Vegagerðin: Minnisblað vegna yfirtöku héraðsvega á Flúðum.**

Oddviti lagði fram minnisblað vegna yfirtöku sveitarfélagsins á héraðsvegum í og við Flúði. Sveitarstjórn samþykkir að unnið verði að yfirtöku veganna í samræmi við minnisblaðið.
- 5. Jarðvegssnið á Hrunamannafrétti.**

Oddviti kynnti boð frá Sigurði H. Magnússyni og Hauki Jóhannessyni sem bjóða fram afsteypu af jarðvegssniði á Hrunamannafrétti án endurgjalds. Sveitarstjórn þiggur boðið með þökkum og þakkar fyrir góðan hug til sveitarfélagsins. Jarðvegssniðinu verður síðan komið fyrir á hentugum stað í Flúðaskóla.
- 6. Hrókurinn: Styrkbeiðni.**

Oddviti kynnti beiðni frá skákfélaginu Hróknum um peningastyrk fyrir starfsemi þeirra á Grænlandi og Íslandi. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
- 7. Bakkatríóið GG og Ingibjörg: Styrkbeiðni**

Oddviti kynnti beiðni um styrk til að halda sundlaugarbakkatónleika. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
- 8. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn miðvikudaginn 13. ágúst nk. kl. 14:00.
- 9. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.**

Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofu Hrunamannahrepps verði lokaðar í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 7. júlí til og með 25. júlí nk.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

- 10. Umhverfisnefnd: Fundargerð 16. fundar frá 9. júní s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar Umhverfisnefndar. Farið var yfir Umhverfisverðlaun 2014. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 11. Veitustjórn: Fundargerð 1. fundar frá 24. júní s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar veitustjórnar. Farið var afkastamælingu á Kópsvatnsholunni, brunavatn fyrir Límtrésverksmiðjunna á Flúðum, könnun á köldu vatni í og við Flúði vegna hugmynda um fiskeldi, framtíðarlausnir vegna nýtingar og verkun á seyru og rætt um að kaupa búnað við rotþró við Hofatún sem gæti komið í stað tengingar við hreinsistöð. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina. Kostnaður við kaup á búnaði við rotþró við Hofatún er áætlaður kr. 3.000.000 og bætist við sem fjárfesting í fráveitu og skal þeim útgjöldum mætt með lækku á handbæru fé.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.:

- 12. Fundargerð 73. fundar skipulagsnefndar frá 30. júní s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 22. maí til 19 júní s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 73. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 30. júní s.l. ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 7: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. maí til 19. júní.

Mál nr. 28: Formaður og varaformaður nefnarinnar.

Kynnt hverjir væru formaður og varaformaður skipulagsnefndar.

Mál nr. 29. Fundartími skipulagsnefndar.

Kynnt að frá og með september verði haldnir tveir fundir í nefndinni á mánuði.

Önnur mál:

13. Framkvæmdaleyfi í Kerlingarfjöllum.

Oddviti kynnti erindi frá Páli Gíslasyni f.h. Fannborgar ehf. þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir ýmsum framkvæmdum í Kerlingarfjöllum, sem nánar eru tilgreindar í bréfinu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að gefið sé út leyfi fyrir umræddum framkvæmdum, enda séu þær ekki í ósamræmi við samþykkt deiliskipulag af svæðinu.

14. Þjónustusamningur um Sérdeild Suðurlands, Setrið í Sunnulækjaskóla.

Oddviti kynnti þjónustusamning um Sérdeild Suðurlands, Setrið í Sunnulækjaskóla milli Árborgar annars vegar og Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings hins vegar. Þá voru kynntar starfsreglur fyrir sérdeildina og fagráðið. Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 157. fundar stjórnar frá 10. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. SASS: Fundargerð 480. fundar stjórnar frá 4. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

c. Landgræðslan: Minnisblað vegna skoðunarferðar í landgræðslugirðingu vegna nýtingar á seyru til uppgræðslu.

Lagt fram til kynningar.

d. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið: Úthlutun vegna ferðamannastaða.

Lagt fram til kynningar.

e. Innanríkisráðuneytið: Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

f. SASS: Húsnæðismál á Suðurlandi: Niðurstöður könnunar.

Lagt fram til kynningar.

g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Punktar vegna nýrra samninga við grunnskólakennara.

Lagt fram til kynningar.

h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Samkomulag um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu.

Lagt fram til kynningar.

i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Úthlutun úr Námsgagnasjóði.

Lagt fram til kynningar.

j. Brunabót: Úthlutun úr Stryktarstjóði EBÍ 2014.

Lagt fram til kynningar.

k. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Fjármálastjórn sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

l. Innanríkisráðuneytið: Viðaukar við fjárhagsáætlun.

Lagt fram til kynningar.

m. Sveitarstjórnarkosningar 2014: Samantekt kjörstjórnar um niðurstöður.

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

n. Landsfundur jafnréttisnefnda: Reykjavík 19. september nk.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:20.